



Til aðildarsveitarfélaga EBÍ.

Kópavogi, 27. október 2025.

Ágóðahlutagreiðsla 2025

Árið 1998 markaði upphaf ágóðahlutagreiðslna til aðildarsveitarfélaga EBÍ. Fulltrúaráð félagsins hefur hvatt aðildarsveitarfélögin til að nýta þetta framlag til að stuðla að bættum bruna- og forvörnum í sveitarfélögunum enda hefur það ávallt verið megintilgangur þessa framlags. Því er það afar ánægjulegt að vita til þess að á núvirði hafa verið greiddir út úr félaginu **tæpir 10 milljarðar** á þessu tímabili.

Í stefnumörkum fulltrúaráðs EBÍ um útgreiðslu ágóðahlutar til aðildarsveitarfélaganna er áréttað að ætíð eigi að taka mið af meginmarkmiðum fjárfestingastefnu EBÍ við ákvörðun endanlegrar greiðslu þar sem lágmarka skal líkur á að höfuðstóll eignasafnsins skerðist við útgreiðslu.


Undanfarin ár hefur verið miðað við þá vinnureglu að miða útgreiðslu ágóðahlutar við þriggja ára meðaltal breytinga á þróun eigin fjár félagsins en þó þannig að höfuðstóll félagsins sé ekki skertur. Skv. markmiði félagsins skal þó að lágmarki greiða út kr. 50 milljónir króna.

Í ljósi ofangreindra þátta ákvað stjórn EBÍ að ágóðahlutur ársins 2025 verði lágmarksgreiðslan, þ.e. kr. 50 milljónir.

Ágóðahlutagreiðslan miðast við hlutdeild sveitarfélagsins í Sameignarsjóði EBÍ, sjá nánar í meðfylgjandi yfirliti sem sýnir hlutdeild og greiðslu til hvers og eins aðildarsveitarfélags.

Aðstæður á fjármálamörkuðum hafa ekki alltaf verið hagfelldar en þrátt fyrir það mun félagið áfram hafa það að leiðarljósi að vera traustur bakhjarl í forvarnarstarfi í brunamálum og að ávöxtun félagsins renni til aðildarsveitarfélaganna, íbúum þeirra til hagsbóta.

Með bestu kveðju,


Anna Sigurðardóttir
Framkvæmdastjóri EBÍ.